

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

Stefna 2013 til 2016

Samþykkt stefna – drög að útgáfu

desember 2013

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORSÆTISRÁÐHERRA	2
INNGANGUR	3
FJÖGUR MEGINMARKMIÐ STEFNU VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS	4
<i>I. MANNAUÐUR OG NÝLIDUN</i>	<i>5</i>
<i>II. SAMSTARF OG SKILVIRKNI</i>	<i>8</i>
<i>III. SÓKN OG VERÐMÆTASKÖPUN</i>	<i>9</i>
<i>IV. AFRAKSTUR OG EFTIRFYLGNI</i>	<i>12</i>

Stefnan var samþykkt á fundi Vísinda- og tækniráðs þann 27. nóvember 2013.

Drög að útgáfu. Unnið er að endanlegri útgáfu á íslensku og ensku.

ÁVARP FORSÆTISRÁÐHERRA

[Kemur eftir samþykkt stefnunnar]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra

INNGANGUR

Mannauður er dýrmætasta auðlind sérhverrar þjóðar og eftir erfiðan niðurskurð undanfarinna ára verður það forgangsverkefni að skapa hér þannig aðstæður að ungt, vel menntað fólk kjósi að hasla sér völl hér á landi og reisa með því stoðir undir þekkingarsamfélag framtíðarinnar. Forsendan fyrir þessari þróun er traust menntakerfi og samkeppnishæfur vinnumarkaður sem getur tekist á við sibreytilegar þarfir atvinnu- og þjóðlífs. Til þess að svo megi verða þarf Ísland að leggja áherslu á alþjóðlega samkeppnishæfni og sveigjanlegt umhverfi rannsókna og nýsköpunar. Það er kjarninn í nýrri stefnu Vísinda- og tækniráðs.

Fjárfesting í rannsóknum og nýsköpun er grundvöllur verðmætasköpunar í atvinnulífi 21. aldar. Hún varðar öll svið samfélagsins, enda hefur reynsla annarra þjóða sýnt að samþætting rannsókna, þróunar og nýsköpunar er lykillinn að aukinni velsæld. Það er fyrst og fremst mannauður – starfsfólk sem hefur á að skipa þekkingu og færni í rannsóknaraðferðum og nýsköpun – sem eykur samkeppnishæfni fyrirtækja. Þessi mannauður er afrakstur áralangrar uppbyggingar í háskólum og rannsóknarstofnunum og fer saman við fjárfestingu fyrirtækja í innleiðingu nýrra lausna og hagnýtingu þekkingar til sóknar. Þannig haldast rannsóknir og nýsköpun í hendur við sköpun verðmæta.

Samkeppnisfjármögnun þarf að grundvallast á gæðum, árangri og réttsýnu mati á verkefnum og hún verður ekki hvað síst að taka mið af langtímastefnu og uppbyggingu innviða. Fjármögnun rannsókna og nýsköpunar þarf að vera bæði trygg og öflug en hlutfall samkeppnisfjár í þessum málaflokkum er of lágt hér á landi. Öflugt rannsóknar- og þróunarstarf heima fyrir er forsenda fyrir aukinni sókn íslenskra vísindamanna og nýsköpunarfyrirtækja í alþjóðlega samkeppnissjóði og á alþjóðlega markaði.

Forsenda velferðar og lífsgæða á Íslandi er öflugt og fjölbreytt atvinnulíf. Okkur ber að skapa þannig aðstæður í rannsóknar- og nýsköpunarstarfi að mannauður og fjárfesting nýtist sem best og ná til ólíkra hópa alls samfélagsins. Það er vissulega mikil áskorun en með gegnsæju kerfi opinberra fjárveitinga sem grundvallast á gæðum, árangri og afrakstri stígum við stórt skref í átt að settu markmiði.

FJÖGUR MEGINMARKMIÐ STEFNU VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS

I. Mannauður og nýliðun

Efla nýliðun í rannsókn- og nýsköpunargeiranum m.a. með eflingu doktorsnáms, eflingu raunvísinda og tæknigreina, styttingu námstíma að háskólanámi og auknu samstarfi fyrirtækja, rannsóknastofnana og menntakerfis.

II. Samstarf og skilvirkni

Auka samstarf háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja með aukinn afrakstur og skilvirkni að leiðarljósi.

III. Sókn og verðmætasköpun

Auka fjárveitingar og fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun, bæði í opinbera geiranum og einkageiranum.

IV. Afrakstur og eftirfylgni

Meta gæði og afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs og stuðla að stöðugum umbótum.

I. MANNAUÐUR OG NÝLIÐUN

1. Markvisst og fjölbreytt menntakerfi frá grunnskóla til háskóla

- a. Efla samstarf háskóla og atvinnulífs við grunn- og framhaldsskóla til að tryggja sem best tengsl milli skólakerfis, þjóðlífs og atvinnulífs um land allt.

[Greinargerð:

Menntakerfið þarf í auknum mæli að undirbúa nemendur undir þarfir atvinnulífs og samfélags fyrir rannsóknir og nýsköpun. Á öllum skólastigum þarf að leggja áherslu á skapandi og gagnrýna hugsun nemenda og getu þeirra til að takast á við síbreytilegar þarfir atvinnu- og þjóðlífs í störfum framtíðarinnar.

Sérstök áhersla verði lögð á menntun framhaldsskólakennara, einkum í raungreinum, bæði í kennaranámi og símenntun. Einkum verði lögð áhersla á símenntun starfandi kennara, sem er öflug leið til að nýleg fræði og rannsóknir endurspeglast í starfi grunn- og framhaldsskólanna og koma í veg fyrir að sá hluti skólakerfisins sé á eftir áherslum í háskólum og atvinnulífinu.]

- b. Fjölga útskrifuðum nemendum í raungreinum, tæknigreinum og iðngreinum.

[Greinargerð:

Hlutfall þeirra sem útskrifast úr raungreinum og tæknigreinum á háskólastigi er lægst á Íslandi af Norðurlöndunum og bilið á milli fjölda nemenda í tækni- og raungreinum annars vegar og félagsvísindum hins vegar hefur farið vaxandi síðasta áratug. Því er mikilvægt að efla nám í tækni- og raungreinum.

Tengja þarf skólastarf á grunn- og framhaldsskólastigi betur við nýsköpun og skapandi greinar en nú er gert og styrkja ímynd vísinda- og tæknináms á meðal barna á grunn- og framhaldsskólastigi. Efling náms í skapandi greinum gangi í takt við þarfir atvinnulífsins.

Sett verði á lagginnar samstarfsverkefni háskóla, framhaldsskóla og atvinnulífs sem stuðli að því að fjölga nemendum í raungreinum, tæknigreinum og iðngreinum á næstu þremur árum.]

- c. Endurskoða grunn- og framhaldsskólanám með það að markmiði að nemendur ljúki framhaldsskóla að jafnaði fyrr en nú er og draga úr brotthvarfi.

[Greinargerð:

Hér á landi útskrifast nemendur að jafnaði eldri en nemendur á Norðurlöndum, í Evrópulöndum og Bandaríkjunum. Skyldunám er nú 10 ár, auk þriggja til fjögurra ára framhaldsskólanáms áður en nemendur geta hafið háskólanám. Jafnframt er brotthvarf með því mesta sem þekkt og nemendur ljúka framhaldsskólaprófi mun seinna hér á landi en hjá öðrum þjóðum. Stuðlað verði markvisst að styttingu náms að háskólastigi, menntakerfið gert fjölbreyttara og sniðið að þörfum nemenda með það að markmiði að draga úr brotthvarfi og bæta menntunarstig.]

2. Öflug nýliðun í vísindum og nýsköpun á Íslandi

- a. Hvetja til aukinnar samvinnu háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja um rannsóknatengt framhaldsnám, og þá sérstaklega doktorsnám.

[Greinargerð:

Komið verði á formlegu samstarfi um doktorsnám á milli háskóla og rannsóknastofnana og fyrirtækja. Háskólar, sem heimild hafa til að bjóða doktorsnám, geti boðið upp á doktorsnám tengt rannsóknarvinnu utan háskólanna í rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum. Fyrirmyndir fyrir slíku má m.a. sækja til Danmerkur, þar sem boðið er upp á sérstakt doktorsnám með atvinnulífstengingu (Erhvervsforsker PhD).]

- b. Styrkja fjármögnun doktorsnáms með það að markmiði að árið 2016 verði 200 doktorsnemastöður að fullu fjármagnaðar úr innlendum samkeppnissjóðum árlega. Lögð verði áhersla á að styrkja framúrskarandi doktorsverkefni þar sem keppt verði á grundvelli gæða verkefnis, getu nemanda, hæfni leiðbeinenda og styrkleika samstarfsaðila.

[Greinargerð:

Fjármögnun doktorsnáms á Íslandi er brotarkennd að mörgu leyti. Rannsóknasjóður er stærsti einstaki sjóðurinn sem veitir styrki til doktorsnema (Rannsóknarnámssjóður var sameinaður Rannsóknasjóði 1. janúar 2013) en gera má ráð fyrir að á hverjum tíma séu um 150 doktorsnema á launum úr sjóðnum á grundvelli rannsóknarverkefna sinna. Innan Háskóla Íslands eru einnig sjóðir sem veita styrki til doktorsnema, s.s. Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Auk þess þiggja einhverjir doktorsnema á Íslandi laun af erlendum styrkjum. Alls stunda nú um 500 manns doktorsnám á Íslandi en gera má ráð fyrir að um 200-250 doktorsnema búi, a.m.k. að hluta til, við einhvers konar fjármögnun á námi sínu.

Með því að hafa 200 launaðar doktorsnemastöður sem keppt er um á grundvelli gæða verkefnis, getu nemanda og hæfni leiðbeinanda, má gera ráð fyrir að um 60-70 vel menntaðir og þjálfaðir doktorar munu útskrifast árlega, sem er hlutfallslega sambærilegt við þann fjölda sem útskrifast annars staðar á Norðurlöndunum.

Tryggja þarf ákveðna breidd í verkefnum sem uppfylla alþjóðlegar gæðakröfur og standa vörð um einstaklingsbundna styrki. Huga þarf að því að styrkir til doktorsverkefna geti nýst íslenskum doktorsnemum erlendis og erlendum doktorsnemum hér á landi.]

- c. Tryggja alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks vinnumarkaðar fyrir þá sem stunda vísindi og nýsköpun.

[Greinargerð:

Mikilvægt er að ungt vel menntað fólk geti haslað sér völl og skapað sér starfsvettvang í vísindum og nýsköpun hér á landi, og hafi tækifæri til að stunda sjálfstæðar rannsóknir og byggja upp nýsköpunarfyrirtæki.

Háskólar, rannsóknastofnanir og fyrirtæki þurfa því að búa við sambærileg ytri skilyrði og tíðkast í nágrannalöndunum.

Huga þarf sérstaklega að því hvort greiða þurfi aðgengi erlendra sérfræðinga að innlendum vinnumarkaði en á það hefur verið bent að mörg nágrannalönd okkar bjóða sérstaka hvata til að laða að erlenda sérfræðinga.]

d. Efla nýliðun með sérstökum átaksverkefnum.

[Greinargerð:

Mikilvægt er að efla nýliðun með því að styrkja unga vísindamenn sem hafa náð eftirtæktarverðum árangri á sínu sviði. Með slíkum styrkjum verði ungum vísindamönnum gert kleift að byggja upp rannsóknarhóp og verða sýnilegri í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Á sama hátt er mikilvægt að styðja sókn fyrirtækja í alþjóðlegt samstarf, sókn í alþjóðlega samkeppnissjóði og á alþjóðlega markaði.

Ráðist verði í sérstök átaksverkefni til þess að efla nýliðun.]

II. SAMSTARF OG SKILVIRKNI

1. Virkt samstarf fyrirtækja, rannsókn- og menntastofnana

- a. Endurskoða skipulag og umgjörð vísinda- og nýsköpunarkerfisins á Íslandi, einfalda löggjöf, og vinna að samþættingu og eftir því sem við á, sameiningu háskóla, rannsóknastofnana og rannsóknasetra.

[Greinargerð:

Oft hefur verið bent á að íslenskt vísinda- og nýsköpunarumhverfi sé brotkennt og lítt samhæft. Hér á landi eru starfræktir 7 skólar á háskólastigi, 14 opinberar rannsóknastofnanir auk fjölda þekkingarsetra. Samkvæmt tölum sem Rannís hefur tekið saman er lagt stund á rannsóknir hjá um 110 stofnunum hérlendis. Af þeim eru um 80 með fleiri en eitt stöðugildi í rannsóknum og tæplega 30 með fimm stöðugildi eða meira. Hér er lagt til að hugað verði að samræmdri lagasetningu fyrir allar rannsóknarstofnanir með það að markmiði að samræma rekstrarumhverfi þeirra. Einnig verði hlutverk og skipulag háskóla og rannsóknastofnana endurskoðað m.a. með því að sameina fagsvið.

Víða á landsbyggðinni er nokkur fjöldi lítilla rannsóknastofnana og þekkingarsetra, huga þarf að því hvort þar liggja tækifæri til uppbyggingar svæðisbundinna þekkingarmiðstöðva sem geti sameinað krafta lítilla eininga.]

- b. Fjölga stuðningsmöguleikum og hvötum til að efla samstarf menntastofnana, rannsóknastofnana og atvinnulífs.

[Greinargerð:

Fjölga þarf tækifærum á þessu sviði. Í þessu samhengi má benda á möguleikann á sérstökum meistaraverkefnum í nýsköpun ásamt því að þróa þverfaglegan, opinn vettvang um nýsköpun og þróun til stuðnings nýútskrifuðum nemendum.]

- c. Skilgreina sérstaklega þau viðfangsefni sem krefjast langtímafjármögnunar og tryggja fjármögnun þeirra og hagnýtingu til rannsókna og nýsköpunar.

[Greinargerð:

Samhliða því að aukinn hluti fjármagns til rannsókna renni í gegnum samkeppnissjóði er mikilvægt að huga sérstaklega að viðfangsefnum sem krefjast langtímafjármögnunar, s.s. ýmis vöktun og mælingar á íslensku lífríki. Þessi verkefni þarf að skilgreina og forgangsraða ásamt því að tryggja fjármögnun til þeirra. Jafnframt er mikilvægt að meta árangur þeirra reglulega og tryggja samhæfingu gagnagrunna, varanlega varðveislu og aðgengi að upplýsingum.]

III. SÓKN OG VERÐMÆTASKÖPUN

1. Meiri slagkraftur í fjármögnun vísinda og nýsköpunar

- a. Auka fjárveitingar til vísinda og nýsköpunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, þannig að árið 2016 nái þær 3,0% af vergri landsframleiðslu.

[Greinargerð:

Vísinda- og nýsköpunarstarf er fjármagnað með beinum framlögum til háskóla og rannsóknastofnana, opinberum framlögum í samkeppnissjóði, sókn innlendra aðila í erlenda sjóði og framlögum fyrirtækja. Skoða þarf gaumgæfilega þá þróun sem orðið hefur á undanföllum árum samfara niðurskurði opinberra framlaga og greina hvaða áhrif ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar hafi haft á framlög til vísinda og nýsköpunar, t.a.m. sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.]

- b. Styrkja fjármögnun háskólakerfisins hér á landi svo hún verði að minnsta kosti sambærileg við meðaltal aðildarríkja OECD árið 2016 og Norðurlanda árið 2020. Í þessu samhengi verði háskólar og einstakar einingar þeirra flokkaðar með tilliti til mismunandi hlutverka og faglegs alþjóðlegs styrks.

[Greinargerð:

Háskólar gegna lykilhlutverki í þekkingarsamfélagi nútímans. Til að þeir geti áfram sinnt þessu hlutverki er nauðsynlegt að þeir búi við sambærilegt fjárhagslegt umhverfi og tíðkast í nágrannalöndunum. Því er lagt til að fjárveitingar til háskólastigsins hér á landi verði hækkaðar í áföngum uns þær verði sambærilegar við meðaltal aðildarríkja OECD árið 2016 og meðaltal annarra norrænna landa árið 2020. Þetta er í samræmi við markmið Aldarfræmleissjóðs Háskóla Íslands, en hér verði þetta markmið yfirfært á allt háskólastigið. Jafnframt þarf að greina skiptingu fjárveitinga milli kennslu og rannsókna í háskólunum og verkaskiptingu háskóla og rannsóknastofnana.]

- c. Hækka hlutfall samkeppnisfjár í fjármögnun háskóla og rannsóknastofnana, þannig að það nái um þriðjung af heildarfjármögnun árið 2016. Samhliða opnum samkeppnissjóðum verði teknar upp fjárveitingar sem byggðar eru á árangursmati.

[Greinargerð:

Stærstur hluti opinberra fjárveitinga til rannsókna (um 80%) fer beint til stofnana án þess að hlutlaust mat sé lagt á þau verkefni sem þar eru unnin. Mikilvægt er að haldið verði áfram að efla samkeppnissjóði og auka samræmi milli þeirra m.t.t. verklags og stefnmörkunar. Einnig verði tekin upp árangursmiðuð fjármögnun til háskóla og rannsóknastofnana þar sem það á við.]

- d. Skapa gegnsætt fjárhagslegt umhverfi fyrir háskóla og rannsóknastofnanir svo ljóst sé að fjárveitingar tengist árangri og gæðum.

[Greinargerð:

Flokka skal háskóla og einstakar einingar þeirra með tilliti til mismunandi hlutverka og faglegs styrks í alþjóðlegu samhengi, enda ræðst fjárþörf þeirra m.a. af því. Einnig þarf að tryggja að fjármögnun sé gegnsæ og skýrt sé hvernig fjárveitingar tengist árangri og gæðum.]

- e. Tryggja skal að reglur íslenskra samkeppnissjóða um samrekstrarkostnað og mótfrahlög taki mið af þróun á alþjóðavettvangi, s.s. í Horizon 2020.

[Greinargerð:

Eftir því sem samkeppnisfjármögnun vegur þyngra í rekstri rannsóknastofnana og háskóla, því mikilvægara er að skýrar reglur gildi um hvernig fjármagna megi fastan rekstrarkostnað og stoðdeildir.]

- f. Nýta skattkerfið markvisst til að hvetja til fjárframlaga fyrirtækja og einstaklinga til vísinda og nýsköpunar.

[Greinargerð:

Nokkur dæmi eru um það héraendis að fyrirtæki hafi fjármagnað litla sjálfstæða rannsóknasjóði eða sérstakar stöður innan háskóla eða rannsóknastofnana. Full ástæða er til að ýta undir þessa þróun t.d. með veitingu skattvælnana til þeirra sem vilja leggja fé í sjóði, stofnanir og/eða háskóla með það að markmiði að auka framlög einkageirans til rannsókna og nýsköpunar. Jafnframt þarf að tryggja að ekki verði hagsmunaárekstrar.]

2. Aukin fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækjum

- a. Innleiða skattalega hvata til að auka fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum.

[Greinargerð:

Margoft hefur komið fram að mikilvægt sé að hvetja einkaaðila, starfsmenn og fagfjárfesta til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Ein leið til þess er að veita ívilnanir í gegnum skattakerfið, t.d. þegar um er að ræða fjárfestingar í hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum eða með því að töpuð fjárfesting komi til frádráttar fjármagnstekjuskatti. Skattafrádráttur verði veittur vegna beinna fjárfestinga í litlum og meðalstórum nýsköpunarfyrirtækjum eða í gegnum sjóði.]

- b. Skapa umhverfi fyrir virk viðskipti með hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum.

[Greinargerð:

Líta þarf heildstætt á fjármögnunarferlið frá grunnrannsókn til tækniþróunar, markaðssetningar og alla leið til vaxtar fyrirtækja. Leita þarf leiða til að brúa mögulegar fjármögnunargjár til að einfalda stuðningskerfi fyrirtækja. Eitt af því sem torveldar viðskipti með hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum er takmarkað aðgengi fjárfesta að hlutlausum upplýsingum um fjárfestingarkosti. Sjá má fyrir sér a.m.k. tvær leiðir til að bæta úr þessu: Annars vegar að fela opinberum aðila að leggja hlutlaust mat á nýsköpunarfyrirtæki, hins vegar að bjóða einkaaðilum aðkomu að opinberum fjárfestingarsjóði sem hafi það að markmiði að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum.]

3. Árangursrík alþjóðleg sókn

a. Efla sókn í samkeppnissjóði og markaði á alþjóðlegum vettvangi.

[Greinargerð:

Ómæld tækifæri felast í alþjóðlegu vísindasamstarfi, en mikilvægt er að efla það og gera markvissara og þar með líklegra til ávinnings. Hvetja þarf sókn í alþjóðlega samkeppnissjóði og auka stuðning við þátttöku háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna sem og á sviði tækni og þekkingaryfirfærslu.]

b. Auka stuðning og ráðgjöf við nýsköpunarfyrirtæki sem stefna á alþjóðlegan markað.

[Greinargerð:

Stuðningur við sprotafyrirtæki sem stefna með vörur eða afurðir á alþjóðlegan markað verði gerður markvissari með öflugri ráðgjöf sem byggist á þekkingu á markaði og lagaumhverfi.]

c. Móta aðgerðaáætlun um þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknáætlunum, einkum þar sem fjármagna þarf íslenska þátttöku með opinberu framlagi.

[Greinargerð:

Vísinda- og nýsköpunarstarf er í auknum mæli alþjóðlegt og vaxandi krafa er um samfjármögnun alþjóðlegra verkefna. Vísinda- og tækniráð og starfsnefndir þess verða að hafa leiðandi hlutverk í stefnumótun um þátttöku í samtarfsáætlunum og verkefnum á alþjóðavettvangi.]

IV. AFRAKSTUR OG EFTIRFYLGNI

1. Bætt mat á gæðum og verðmætasköpun vísinda- og nýsköpunarstarfs

- a. **Próa heildstætt upplýsingakerfi um afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs í samráði við háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf.**

[Greinargerð:

Lokið verði við að koma upp heildstæðu upplýsingakerfi um árangur vísinda- og nýsköpunarstarfs hér á landi hið fyrsta.

Gerð verði áætlun um notkun upplýsinga úr slíku kerfi og áhrif þeirra á fjárveitingar til rannsókn- og þróunarstarfs.]

- b. **Meta gæði og afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs í samræmi við alþjóðleg viðmið. Taka skal tillit til mismunandi hefða og markmiða fagsviða og meta fjölbreyttan afrakstur rannsókna og nýsköpunar. Kanna hvort endurskipuleggja eigi Gæðaráð háskóla svo hlutverk þess nái einnig yfir rannsóknir í háskólum og rannsóknastofnunum.**

[Greinargerð:

Leggja þarf mat á árangur allra rannsókna sem stundaðar eru fyrir opinbert fé. Gæðamat verði skilgreint í samræmi við alþjóðleg viðmið en jafnframt tekið tillit til mismunandi hefða fagsviða og verkefna og mats á fjölpættum afrakstri rannsókna og nýsköpunarstarfs.

Greint verði hvort vikka eigi út hlutverk og skipan Gæðaráðs háskóla í því augnamiði að ráðinu verði einnig falið að skilgreina aðferðafræði til að meta gæði og afrakstur rannsókna, m.a. með tilliti til mælinga úr heildstæðu upplýsingakerfi og niðurstaðna úr sérstökum úttektum. Í því sambandi verði hugað að sérstöðu rannsóknastofnana, sem hafa með hendi sérstakar skyldur og þjóna brýnum öryggishagsmunum, s.s. á sviði vöktunar, utanumhalds gagna, þjónustu og miðlunar.]

- c. **Kanna með reglubundnum hætti skiptingu opinberra fjárveitinga til vísinda og nýsköpunar og bregðast við mismunandi þátttöku tiltekinna hópa með sértækri upplýsingamiðlun og hvatningu til þátttöku.**

[Greinargerð:

Við útteilingu opinbers fjár þarf auk faglegra gæða verkefna, einnig að líta til verðmætasköpunar sem felst í menningarlegum og samfélagslegum áhrifum og eflingu rannsóknarhópa og nýsköpunarfyrirtækja af mismunandi stærðum og um land allt. Efla þarf sérstaklega sókn kvenna í samkeppnissjóði.

Vísindamenn og fyrirtæki á landsbyggðinni nýta sér ekki til fulls þau tækifæri sem fyrir eru, hvorki með sókn í samkeppnissjóði né umsóknum um skattvildanir vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Þörf er á átaki til að vekja athygli á þessum möguleikum.]

- d. **Bæta hagtölugerð um íslenskt atvinnulíf m.t.t. rannsókna, verðmætasköpunar, útflutnings og nýsköpunar og nýta hagtölur til stöðugra umbóta í menntun, vísindum og nýsköpun.**

[Greinargerð:

Verulega skortir á haldgóðar upplýsingar um þróun nýrra greina í atvinnulífinu. Með því að samhæfa gagnagrunna, gagnaöflun og skipulag úrvinnslu gagna frá fyrirtækjaskrá, virðisaukaskrá, staðgreiðsluskrá og tollskrá auk viðbótargagna frá Hagstofunni og Rannís má ná miklum árangri í að hraða upplýsingagjöf um veltu, starfsmannafjölda og útflutning fyrirtækja í tækni- og hugverkagreinum.]